

- 33 Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður
8. júní að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjól hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja upp og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

- 34 **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í**
11. júní **Ísafjarðarsýslu, um takmörkun verzlunarlóðarinnar í Haukadal í Þingeyrarhreppi.**

Með bréfi, dags. 11. f. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent hingað tillögu sýslunefndarinnar í Vestur-Ísafjarðarsýslu, um takmörk verzlunarlóðarinnar í Haukadal í Þingeyrarhreppi, ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvember 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Haukadal í Þingeyrarhreppi sett eftir framangreindum tillögum og uppdrætti svo sem hér segir:

1. 40 — fjörutíu — metrum innan við svo nefnda Sæbólslæk, þar sem hann rennur til fjöru, hugsast bein lína dregin í sundið milli Vésteins og Brautarholts 170 metra löng, talin frá efsta fjöruborði. Lína þessi liggur h. u. m. S.V. og nær 25 metra upp fyrir núverandi hreppsveg (Vatnsbraut á meðf. uppdrætti).
2. Þaðan beygir merkjalínan í 90° horn til N.V., eða í stefnu utan við svonefnda Yztabæ, hún er 95 metra löng og endar 10 m. fyrir innan Sæbólslæk en 15 metrum sunnan við veginn (Veitugarð).
3. Þá liggur merkjalínan samhliða hinni fyrst töldu, 100 metra langa leið í N.A., eða í hið svo nefnda Leifstún, 15 metra út fyrir Sæbólslækinn.
4. Eftir það miðast merkjalínan í beina stefnu 270 metra vegalengd í auðkenndan stað í lækjarfarveg 40 metra frá efsta fjöruborði utan við verbúðartóft Jóhanns útgerðarmanns Jónssonar og þaðan til sjávar.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjól hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja upp og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg frá náttúrunnar hendi.

35

SAMÞYKKT

9. marz

fyrir Fiskræktarfélag Fljótsdalshéraðs.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktarfélag Fljótsdalshéraðs. Heimili þess og varnarþing er hið sama og formanns þess.

2. gr.

Verkefni félagsins er að auka fiskimagn (lax og silungs) allra vatna á Fljótsdalshéraði, sem til þess teljast hæf, með klaki, innflutningi fiskseiða, friðun á fiski, eyðing sels og annars veiðivargs, svo og setja reglur um veiðitæki og veiðiaðferðir, eftir því sem lög leyfa.

3. gr.

35

Félagssvæðið er öll hreppsfélög á Fljótsdalshéraði, með þeim jörðum í hverju þeirra, er gjaldskrá tilgreinir. 9. marz

4. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Stjórnarmenn skulu kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, og skipta þeir með sér verkum. Stjórnarnefndarmenn ganga úr stjórninni eftir hlutkesti fyrstu árin þannig:

Einn eftir eitt ár, tveir eftir tvö. Stjórnin skal kosin skriflega, svo og tveir stjórnarnefndarmenn til vara og tveir endurskoðendur, er ganga úr eftir sömu reglum. Enginn félagsmaður getur skorazt undan stjórnarkosningu, nema forföll hanni, er aðalfundur tekur gild, eða hann hafi verið 6 ár samfleytt í stjórn. Á stjórnarfundi ræður afl atkvæða.

5. gr.

Stjórnin hefir á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við, og hefir yfirumsjón með öllum störfum þess og fjárreiðum, boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Verði félagsveiði, hefir stjórnin með höndum framkvæmd og umsjón hennar.

6. gr.

Aðalfund skal halda í aprilmánuði ár hvert, og skal hann boðaður félagsmönnum skriflega með minnst viku fyrirvara. Á aðalfundi eiga sæti 1 kjörinn fulltrúi fyrir hvert hreppsfélag á félagssvæðinu.

Fundi skal telja lögmæta ef helmingur fulltrúa er mættur.

Á aðalfundi leggur stjórnin fram endurskoðaða reikninga félagsins fyrir s. l. ár til samþykktar, og skýrir frá störfum félagsins á því ári. Þá tekur og aðalfundur ákvarðanir um starfsemi félagsins á yfirstandandi ári.

7. gr.

Stjórn félagsins boðar til aukafunda þegar henni þykir ástæða til, eða helmingur félagsdeilda æskir þess skriflega til félagsstjórnarinnar, ásamt tilgreindu fundarefni.

8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

9. gr.

Semja skal gjaldskrá, er sýnir hundraðshluta þann af stofnkostnaði og árskostnaði, er hver félagsmaður á að greiða samkvæmt lögum nr. 61, 23. júní 1932. Gjaldskrá skal lögmætur félagsfundur samþykkja; um hana ræður afl atkvæða. Á samþykkt og gjaldskrá skal leita staðfestingar stjórnarráðsins.

10. gr.

Gjalddagi á tillagi félagsmanna skal vera 15. júlí ár hvert.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar allt að 1000 kr. sektum, samkvæmt lögum nr. 61, 23. júní 1932, er renna í sýslusjóð. Mál út af brotum á samþykkt þessari skulu sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

12. gr.

Samþykkt félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi, þó því aðeins að $\frac{2}{3}$ fundarmanna samþykki.

35

13. gr.

9. marz

Nú þykir æskilegt að slíta félagsskap þessum, og er það heimilt, ef tveir lög-
lega boðaðir fundir samþykkja félagsslit með $\frac{2}{3}$ fundarmanna. Skuldum eða eign-
um félagsins á þeim tíma skal jafna niður á félagsmenn samkvæmt gjaldskránni.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 79, 23. júní 1936 til
þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. marz 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

36

GJALDSKRÁ

9. marz

fyrir Fiskræktarfélag Fljótsdalshéraðs.

I. Eiðahreppur:		Jarðir	Eining	Flutt	Eining
Jarðir					180
Dalhús	140	Hallfreðarstaðir		70	
Miðhús	140	Hallfreðarstaðahjáleiga		40	
Eyvindará	110	Hrærekslækur		70	
Uppsálar	30	Ytri Galtastaðir		80	
Finnsstaðir	130	Húsey		380	
Fossgerði	30	Geirastaðir		120	
Mýrnes	50	Nefbjarnarstaðir		40	
Breiðavað	60	Gunnhildargerði		50	
Fljótsbakki	60	Kirkjubær		200	
Snjóholt	40	Kleppjárnstaðir		40	
Eiðar	210	Brekka		30	
Gröf	60	Galtastaðir		40	
Þuríðarstaðir	120	Litla-Steinsvað		110	
Eiðahreppur	130	Straumur		100	
	Alls 1310	Heykollsstaðir		60	
		Vífilsstaðir		80	
		Dagvarðargerði		70	
		Rangá		140	
		Bót		100	
				Alls 2000	
II. Hjaltastaðahreppur:					
Tjarnarland	40				
Stóra-Steinsvað	170				
Ekra	90				
Dratthalastaðir	50				
Víðastaðir	50				
Hólshjáleiga	170				
Hóll					
	Alls 570				
III. Tunguhreppur:					
Blöndugerði	30				
Stóri Bakki	80				
Litli Bakki	70				
	Flyt 180				
IV. Hlíðarhreppur:					
		Ketilsstaðir		100	
		Bakkagerði		60	
		Eyjasel		50	
		Torfastaðir		120	
		Hnitbjörg		30	
		Fagrahlíð		50	
		Hlíðarhús		90	
		Sleðbrjótssel		80	
				Flyt 580	